

## NEFND UM EFTIRLIT

## MEÐ LÖGREGLU

Borgartúni 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 5458051

Netfang: nel@nel.is

Reykjavík 2. apríl 2024

Tilv.: NEL24010003/

Efni: 128. mál – frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 (fyrirmæli lögreglu).

Nefnd um eftirlit með lögreglu vísar til bréfs nefndarsviðs Alþingis þar sem nefndinni er gefinn kostur á að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 (fyrirmæli lögreglu), **þingskjal 128 – 128. mál**.

Frumvarpið leggur til breytingar á 19. gr. lögreglulaga sem er í dag, svohljóðandi:

„Almenningi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannafæri.“

Lagt er til að undan orðinu fyrirmælum komi orðið „lögmatum“.

Það er mat nefndarinnar að frumvarpið sé með öllu óþarft. Í texta greinarinnar kemur fram að almenningur skuli hlýða fyrirmælum sem lögregla gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglum á almannafæri. Það liggur því í hlutarins eðli að fyrirmælin þurfi að vera lögmat og í samræmi við settar reglur.

Í greinargerð með frumvarpinu eru reifaðir nokkrir dómar sem varða mótmælendur. Það er mat nefndarinnar að greinargerðin rökstyðji það ekki að dómarnir hefðu fallið á annan veg hefði ákvæðið verið með þeim hætti sem lagt er til með frumvarpi þessu.

Það er brýnt að almenningur hlýði fyrirmælum lögreglu enda er það mat nefndarinnar að reglan sé ein af þeim grundvallarreglum sem verður að vera fyrir hendi svo lögreglan geti haldið uppi lögum og reglum í samfélaginu. Borgaranum ber að hlýða fyrirmælum lögreglu. Ef það kemur hins vegar í ljós síðar að fyrirmælin sem lögreglan gaf borgaranum hafi verið ólögmat þá gæti borgarinn átt rétt á bótum af frá hinu opinbera og viðkomandi lögreglumaður gæti þurft að sæta viðurlögum.

Það er mat nefndarinnar að betur færi á að skylda lögreglumenn með lagaboði að bera ávallt á sér búkmyndavélar og hafa þær alltaf í gangi þegar lögreglan á í samskiptum við almenning. Þannig ætti almenningur auðveldara um vik að sækja rétt sinn ef lögreglan gefur ólöglegar skipanir eða þegar grunur vaknar um að lögregluaðgerðir hafa farið út fyrir ramma laganna.

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu leggst gegn frumvarpinu.

F.h. nefndar um eftir með störfum lögreglu

Reykjavík, 2. apríl 2024.

Skúli Þór Gunnsteinsson